



# Umhverfisviðurkenningar 2017



# Umhverfisviðurkenningar Kópavogsbæjar

Ár hvert veitir umhverfis- og samgöngunefnd Kópavogsbæjar umhverfisviðurkenningar í bænum. Viðurkenningarnar hafa verið veittar frá árinu 1964. Í byrjun voru veittar viðurkenningar fyrir snyrtilegt umhverfi, fallegustu garðana eða lóðir bæjarins. Árið 1995 var breyting á og núverandi fyrirkomulag tekið upp. Einstaklingar, félagasamtök og/eða fyrirtæki geta fengið viðurkenningar í ýmsum flokkum s.s. umhirða húss og lóðar, endurgerð húsnæðis, frágangur húss og lóðar á nýbyggingarsvæðum, framlag til ræktunarmála og framlag til umhverfis og samfélags.

Bæjarstjórn Kópavogs velur götu ársins.

Í umhverfis- og samgöngunefnd 2017 skipa eftirtaldir fulltrúar:

Aðalmenn  
Hjördís Ýr Johnson formaður  
Hreiðar Oddsson varaformaður  
Andri Steinn Hilmarsson  
Sigurður M. Grétarsson  
Einar Baldursson  
Hreggviður Norðdahl, áheyrnarfulltrúi

Varamenn  
Arnar Ingólfsson  
Margrét Halldórsdóttir  
Sturla Gunnar Eðvarðsson  
Valgerður Guðjónsdóttir  
Hjörtur Sveinsson  
Svala Jónsdóttir, varaáheyrnarfulltrúi

# Umhirða húss og lóðar


## Kópavogsbakki 15

Eigendur Guðmundur Jóhann Jónsson og Þórhildur Hrönn Ingólfssdóttir fá viðurkenningu umhverfis- og samgöngnefndar 2017 fyrir umhirðu húss og lóðar að Kópavogsbakka 15.

Sigurður Hallgrímsson arkitekt hjá Arkþing ehf. hannaði húsið sem hafist var handa við að byggja á árinu 2007. Byggingarverktaki hússins var Nýmót ehf. og var lokið við húsið og flutt inn í febrúar 2009.

Húsið er bjart og opið með stórum gluggum og næst þannig fallett útsýni út á Kópavoginn.

Lóðin er ekkistóren með aðstoð Árna Hermannssonar hjá Landverk var hún kláruð á einfaldan og smekklegan máta árið 2011. Garðurinn hefur þróast á undanförunum árum en þar sem umhirða hans er sérstakt áhugamál konunnar á heimilinu þá ber hann merki þess að við hann er nostrað.




# Umhirða húss og lóðar

## Vallargerði 10

Eigendur Sigurður Bjarkason og Unnur Magnúsdóttir fá viðurkenningu umhverfis- og samgöngunefndar 2017 fyrir umhirðu húss og lóðar að Vallargerði 10.

Vallargerði 10 er með fallegan garð fyrir framan húsið þar sem að lítil tjörn hlaðin úr íslenskum hraunmolum skartar sínu fegursta og skjólgóðri verönd.

Bakgarðurinn er ákveðinn ævintýraheimur þar sem að má finna matjurtagarð, eldstæði og útielðhús ásamt stórum viðarapalli og áhaldahúsi. Skemmtileg lýsing er í garðinum sem gerir hann mjög fallegan á haustkvöldum og yfir veturinn,



# Gata ársins

## Litlavör


Á fundi bæjarstjórnar þann 13. júlí síðastliðinn var samþykkt að veita Litlavör viðurkenninguna "Gata ársins 2017"

Litlavör er samheldin gata í norðuhluta Kársnes þar sem götuna prýða lágreist einbýlis og parhús, íbúar hafa lagt mikla rækt í einkagarða ásamt því að halda sameiginlegu svæði vel hirtu og snyrtilegu. Alls eru um 26 íbúar í götunni í þeim 7 húsum sem standa við götuna.

Hús Litluvarar eru sameiningartákn tímana þar sem fyrstu hús götunnar voru byggð á árinum 1961-1967 og stóðu fyrst við Kársnesbraut. Á árunum 1992-1995 þegar tveimur parhúsum var bætt við hlið húsanna sem stóðu við Kársnesbraut og varð Litlavör til. Síðan þá hafa íbúar lagt rækt við snyrtileg hús sem mynda fallega heildarmynd í götunni. Sérstaklega skal hrósa íbúum fyrir fallega garða á norðurhluta Kársnesins.



Íbúar Litluvarar eru vel að viðurkenningunni komnir fyrir að hafa hugað vel að umhverfi sínu, haldið húsum sínum og lóðum snyrtilegum og götunni fallegri í áranna rás. Íbúar götunnar eru öðrum íbúum Kópavogs hvatning og fyrirmynd.



# Hönnun

## Huldubraut 15A og 15B

Huldubraut 15 er hannað af ALARK arkitektum ehf. Nokkur ný viðhorf hafa verið prófuð í þessu húsi með góðum árangri.

Hugmyndin með parhúsinu er að gera tvær sjálfstæðar einingar sem hver um sig hefur sína sérstöðu í stað þess að gera 2 samhverfar einingar.

Þannigsnúabáðareiningaralrýmumsínum í útsýnisátt í norðvestur. Stærðir eininga og gluggaútfærsla eru mismunandi til að auka sjálfstæði hvorrar einingar.


Vegna hæðarmismunar í landi eða 7 m. frá norðri til suðurs, hefur garður verið útfærður á 2 hæðum. Efri hæðin hefur garð með sólpalli, grilli og gróðri sem tengist eldhúsalrými og neðri hæðin er með verönd og potti tengist inn á neðri hæð húss.

Þannig fæst birta inn á suðurhlíð beggja hæða og hæðarmunur til suðurs frá sólpalli verður aðeins 4 m. Af þessu leiðir að neðri hæðin er gegnumlýst frá anddyri til garðs og kemur í veg fyrir kjallaratilfinningu.

Bílskúr telst óþarfur og í stað hans er nú gerð áhald- og hjólageymsla. Í stað bílskúrshurðar er sett hlíðarhengd vængjahurð sem auðveldar umgengni.

Húsið er einangrað að innan og nýtir sér gamlar steypuhefðir með listainnfellingum í steypumótum. Innfellingar eru misbreiðar og með mismunandi bili til að brjóta upp einsleitni.

Gler í gluggum er mistónað til að brjóta upp glerflöt og mynda blygðunarskjöld frá stofu gagnvart götu.



# Frágangur húss og lóðar á nýbyggingarsvæði

## Örvasalir 9

Eigendur Gunnar Stefánsson og Helga Ágústa Sigurjónsdóttir og hönnuður Anna Tómasdóttir fá viðurkenningu umhverfis- og samgöngunefndar 2017 fyrir umhirðu húss og lóðar á nýbyggingarsvæði að Örvasali 9.


Húsið er staðsett á víðsýnni útsýnislóð í Smalaholti og tók hönnun húss og lóðar mið af því. Húsið er með stórum gluggum sem hleypa birtu inn allt árið og nýtir útsýnið íbúum hússins til mikillar gleði. Svæði til útivistar taka einnig mið af þessu. Svalir eru hannaðar með skjól og útsýni sem megin markmið.

Skógræktarsvæði Kópavogs var í Smalaholti og bera hlíðar Rjúpnahæðar og svæðin í kring um lóðina þess glögg merki. Okkur þótti mikilvægt að varðveita og nýta falleg birkitré sem voru í lóðinni.

Trén voru því flutt til hlíðar þegar grunnurinn var tekinn og eftir atvikum flutt til svo við njótum þeirra sem mest.

Við vorum með fyrstu íbúum götunnar, og nýbyggingar allt í kring, það var því mikilvægt að loka lóðinni sem fyrst, sem var tyrfð strax eftir innflutning. Á þann hátt fengum við meiri tengingu við náttúruna með græna litnum og þar sem sígrænar furur eru allt í kring um okkur í holtinu var eðlilegt að velja furur í sígrænt beði við hlið bílastæðis.

Stórir, mosavaxnir steinar sem voru í lóðinni voru settir til hlíðar og prýða beðið framán við húsið með furum, birki ofl. Stærsti steinninn var settur í norðanverða lóðina þar sem við njótum hans úr stofuglugganum allt árið. Við hlið hans settum við blágræni sem fær að njóta sín með jólaljósum þegar við á.



# Frágangur húss og lóðar á nýbyggingarsvæði Akarakór 7

Eigendur Ágúst Sverrir Egilsson og Soffía Guðrún Jónasdóttir og hönnuður Sveinbjörn Jónsson, Verkfræðistofan Möndull ehf. fá viðurkenningu umhverfis- og samgöngunefndar 2017 fyrir umhirðu húss og lóðar á nýbyggingarsvæði að Akarakór 7.

Við hönnuðum Akarakór 7 með tilliti til fjölskyldustærðar og aldurs barna okkar. Meðal annars náðum við mun betri nýtingu á garðinum og neðri hæð hússins með því að grafa burtu allan halla úr garðinum en landið liggur í brekku. Til þess að ná því þurfti að reisa mikinn steinvegg og sökkul u.þ.b. 90 metra langan til að halda jarðveginum fyrir aftan húsið í skefjum. Síðan var reist trégirðing ofan á veginn og ljós sett í sem lýsa fallega upp garðinn. Tréverkið er ágætis mótvægi við kalda steypuna í veggnum.

Frágangur á bílskýli er þannig að það er opið, með gólfhita og vandlega upplýst og að hluta opið í vesturátt en innkeyrsla í það er úr norðurátt.

Af einhverjum ástæðum er svo gott sem alltaf ágætt skjól úr þessum tveimur áttum við bílskýlið og því skefur aldrei alvarlega inn í það.

Bæði bílskýlið og útigeymslur eru að hluta klæddar með lerki og er það viðhaldslaust og ekki lakkað eða fúavarið. Lerki er einnig notað bæði á svölum, í skjólveggi, á palli við garð og framan á húsinu að hluta. Með því að nota lerki á þennan hátt er gerð tilraun til að fá hlýlegt yfirbragð á garðinn og bygginguna.

Stórar svalir eru á húsinu, eða um 140 fm að stærð og eru þær óspart notaðar bæði til að spila fótbolta, fyrir heitan pott, til að grilla og njóta útsýnisins en frá svölunum má sjá vel yfir allt höfuðborgarsvæðið, Akranes, Keflavík, Snæfellsjökul, Keili, Bláfjöll og Esjuna auk auðvitað Kópavogs.



# Hönnun


## Dimmuhvarf 15

Hönnuður Reynir Adamsson hjá Adamsson ehf. arkitektastofa og eigendur Helga Sigurrós Valgeirsdóttir og Ævar Rafn Björnsson fá viðurkenningu umhverfis- og samgöngunefndar 2016 fyrir hönnun að Asparhvarfi 22.

Þegar íbúðarhús er hannað þarf að miða við þarfir þeirra sem munu búa í húsinu, taka tillit til legu lóðar, sólaráttar, útsýnis og skjólmyndunar.

Við hönnun Dimmuhvarfs 15 var sérstök áhersla lögð á að laga húsið að hallandi lóð, taka tillit til trjágróðurs og óspilltrar náttúru sem nú er hluti lóðarinnar. Húsið er steinsteypt og einangrað að utan.

Utanhúss voru valin byggingarefni í náttúrutengdum litum sem þarfnast lífils viðhalds svo sem flísaklæðning og kopar.



# Hönnun

## Norðurturninn

Hönnuður Kristinn Ragnarsson hjá Krark ehf. og eigendur Norðurturnsins fá viðurkenningu umhverfis- og samgöngunefndar 2017 fyrir hönnun á Norðurturninum.

Form og lögun Smáralindar er að mörgu leyti mjög framandi fyrir íslenskar aðstæður. Allar byggingar eða byggingarhlutar þurfa að okkar mati að aðlagast þessum formum. Þess vegna var leitast við að notast við bogadregnar línur sem koma fram í þakformi verslunarhússins. Til að léttja yfirbragð turnbyggingar var valin sú leið að notast við hágæðagler með bláum tónum til að koma á mótis við bláleita klæðningu Smáralindarinnar.

Í fyrstu drögum settum við fram öll stigahúsinn í miðbik hússins bæði aðalstigahús svo og björgunastiga. Einn aðalbyggingaraðilinn þótti þetta afleitt að eyða dýrmætu skrifstofuplássi fyrir flóttastiga, þeir áttu heima á öðrum stað.

Við settum þess vegna stigahúsin við útvegg á hvorri langhlíðinni. Útbyggingar þessar brutu glerfletina upp og ljáðu um leið byggingunni allt annan karakter sem myndar samspil glers og lokaðra flata. Um leið skapaðist stærra og opnara svæði á hverju gólf.

